

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um breyting á póstlögunum 13. september 1901, undirskrifuð af konungi 16. nóvember 1907 (A nr. 42, bls. 250—255).

Póstlög, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 43, bls. 256—275).

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um út- 107 svarsskyldu gufuskips. 16. nóvbr.

Hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps í sýslu yðar, herra sýslumaður, hefir með brjefi dags 16. f. m., beiðst álits stjórnarráðsins um það, hvort eigi sje heimild til þess að leggja útsvar á gufuskiptið »Mjölni,» eign gufuskipafjelagsins »Thore« í Kaupmannahöfn, og gefur um leið þær upplýsingar, að útsvar hafi um nokkur undanfarin ár verið lagt á tjeð gufuskip, en neitað hafi verið að greiða það.

Út af þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps, að stjórnarráðið telur heimilt, samkvæmt 36. gr. sveitarstjórnarlaga frá 10. nóvbr. 1905, sbr. hin eldri lög nr. 12 frá 9. ágúst 1889 sbr. lög nr. 1 frá 9. janúar 1880 og lög nr. 46 frá 13. nóvbr. 1903, að leggja útsvar á tjeð gufuskip, sem arðsamt fyrirtæki í hreppnum, þar sem það er skrásett til heimilis á Fáskrúðsfirði, en skal jafnframt taka það fram, að þar sem hjer er um útsvarsskyldu að ræða, heyrir mál þetta undir dómstólana.

Samþykkt

108
30. nóvbr.

um

lendingarsjóði í Norðurísafjarðarsýslu.

Sýslunefndin í Norðurísafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 10. nóvbr.

Reykjavík, 8. dag janúarmán. 1908. — Isafoldarprentsmiðja.

108 1905 um viðauka við tjeð lög, gjört og hjeraðsfundur fallist á eftirfylgjandi sam-
30. nóvbr. þykkt um lendingarsjóði í Norðurisafjarðarsýslu.

1. gr.

Af öllum opnum skipum, er ganga til fiskiveiða í veiðistöðunum Bolungarvík, Hnífsdal og Ytri Snæfjallaströnd (með Skarði) skal greiða í lendingarsjóð eina krónu af hverjum hlut.

2. gr.

Tvær eru vertíðir, haust og vetrar og vor og sumar. Fyrir skemri tíma en mánuð skal ekkert gjald greiða.

3. gr.

Hreppsnefnd innheimtir gjald þetta; greiðir formaður það af óskiftum afla, áður hann lýkur vertíð í þessum veiðistöðum; gjaldið skal greitt í peningum. Innheimtumaður fær 2% í innheimtulaun. Taka má gjald þetta lögtaki, sje það eigi greitt á rjettum tíma.

4. gr.

Hreppsnefndaroddviti semur skýrslu yfir alla þá, er gjald þetta eiga að greiða, og sendir hann oddvita sýslunefndarinnar skýrslu þessa ásamt gjald upphæðinni fyrir báðar vertíðirnar fyrir lok októbermánaðar ár hvert.

5. gr.

Gjald hvernar veiðistöðvar skal ávaxtaað í sjerstökum sjóði. Kallast sjóðir þessir: Lendingarsjóður Hnífsdals, lendingarsjóður Bolungarvíkur og lendingarsjóður Ytrisnæfjallastrandar. Sýslunefndin annast um, að sjóðir þessir sjeu ávaxtaðir á sem tryggastan og haganlegastan hátt.

6. gr.

Fje sjóðanna skal varið til bæta lendingar í hlutaðeigandi veiðistöðum. Sýslunefnd ákveður hvenær byrjað er að veita fje úr sjóðunum til lendingabóta.

Samþykkt þessi er hjer með staðfest til að öðlast gildi 1. janúar 1908 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

stjórnarráði Íslands, 30. nóvember 1907.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.